

STJÓRNARTÍÐINDI B 114 – 1995

6. desember 1995

1587

Nr. 625

REGLUGERÐ

um rétt lögmannna frá öðru EES-ríki til að veita tímabundna þjónustu á Íslandi.

1. gr.

Með EES - lögmanni er í reglugerð þessari átt við þann sem hefur, í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES-ríki), rétt til að stunda sérhæfð þjónustustörf á sviði lögfræði og til að kalla sig einhverju eftirtalinna starfsheita:

Austurríki:	Rechtsanwalt	Liechtenstein:	Rechtsanwalt
Belgía:	Avocat - Advocaat	Luxembourg:	Avocat - Avoué
Danmörk:	Advokat	Noregur:	Advokat
Finnland:	Asianajaja - Advokat	Portúgal:	Advogado
Frakkland:	Avocat	Spánn:	Abogado
Grikkland:	Dikigoros	Stóra Bretland:	Advocate
Holland:	Advocaat		Barrister
Írland:	Barrister		Solicitor
Ítalía:	Avvocato	Svíþjóð:	Advokat
		Þýskaland:	Rechtsanwalt

Með heimalandi er í reglugerð þessari átt við það EES-ríki þar sem viðkomandi hefur rétt til að starfa sem sérfræðingur undir einhverju ofangreindra starfsheita.

2. gr.

Þegar EES-lögmaður starfar tímabundið hér á landi skal starfsemi hans vera í samræmi við ákvæði 3. gr. og 2. og 4. mgr. 4. gr tilskipunar ráðsins nr. 77/249/EBE um að auðvelda lögmonnum að neyta réttar til að veita þjónustu.

3. gr.

Íslenskir dómstólar og stjórnsýsluáðilar geta krafist þann sem kynnir sig sem EES-lögmann um gögn sem sanna að hann hafi í heimaríki sínu rétt til að starfa undir einhverju af þeim starfsheitum sem greinir í 1. gr. Er honum þá ekki heimilt að sinna þjónustustarfi fyrir en hann hefur lagt fram tilskilin gögn.

4. gr.

Við þá dómstóla þar sem einkaréttur til málflyttings gildir má EES-lögmaður einungis starfa að málflytningi í samvinnu við héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmann.

Ef EES-lögmaður, sem hyggst annast málflytjendastarf við dómstól þar sem einkaréttur til máflutnings gildir ekki, hefur að mati dómara ekki nægjanlegt vald á íslenskri tungu, skal hann starfa að máflutningnum í samvinnu við aðila sem telst fullnægja skilyrðum til máflutnings fyrir dómstólnum samkvæmt IV. kafla laga um málflytjendur.

Dómstóll getur úrskurðað að EES-lögmanni sé óheimilt að annast málflytjandastarf ef það samrýmist ekki öryggi ríkisins.

5. gr.

EES-lögmenn skulu í störfum sínum hér á landi hlíta í hvívetna sömu starfsreglum og íslenskum lögmönnum og málflytjendum ber að fara eftir samkvæmt íslenskum lögum að undanskildum skilyrðum um búsetu eða skráningu í fagfélag.

Ákvæði laga um málflytjendur gilda um sviptingu leyfis EES-lögmanna til starfa hér á landi.

Dómsmálaráðuneytið skal tilkynna heimaríki viðkomandi EES-lögmanns um allar ákvarðanir varðandi leyfissviptingu hér á landi.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942, sbr. 5. gr. laga nr. 133/1993, svo og með hliðsjón af 2. tölul. VII. viðauka EES-samningsins (tilskipun 77/249/EBE), öðlast þegar gildi.

EBE tilskipunin, sem vísað er til, er birt í sérritinu EES gerðir S 34, bls. 9 - 10, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C - deild Stjórnartíðinda.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

REGLUR

um fjárvörslur lögmanna o.fl.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lögmaður, sem tekur að sér að varðveita fjármuni fyrir umbjóðendur sína, skal halda þeim skýrt aðgreindum frá eigin fé og jafnframt er honum skylt að veita stjórn L.M.F.Í. upplýsingar um vörslufé, svo sem nánar er kveðið á um í reglum þessum.

2. gr.

Reglur þessar taka til lögmanna, sem varðveita í eigin nafni fjármuni fyrir hönd umbjóðenda sinna. Gilda þær bæði um fjárvörslur sjálfstætt starfandi lögmanna og lögmanna, sem starfa hjá lögaðilum, enda hafi lögaðilinn með höndum starfsemi, sem er sambærileg hefðbundnum störfum lögmanna.

Þar sem í reglum þessum er fjallað um lögmenn er einnig átt við lögaðila skv. 1. mgr., eftir því sem við á.